

REGLUGERÐ**um holræsi í Keflavík.**

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námundi við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf, sem holræsakerfi kaupþúsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald, um leið og hann tengir ræsi við aðalholræsi, kr. 600.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 200.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 600.00.

Auk tengigjalds skal hver húseigandi greiða í holræsagjald til hreppsins kr. 25.00 árlega af hverju húsi og enn fremur 5% af fasteignamati húsanna.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjaldið, getur hreppsnefndin hækkað og lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

5. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Palmason.